

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 99/2010

frá 1. október 2010

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2010 frá 30. apríl 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/198/ESB frá 6. apríl 2010 um að leysa Lettland undan tilteknum skuldbindingum um að beita tilskipunum ráðsins 66/402/EBE og 2002/57/EB að því er varðar *Avena strigosa* Schreb., *Brassica nigra* (L.) Koch og *Helianthus annuus* L. ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 79. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/786/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í III. kafla I. viðauka við samninginn:

„80. **32010 D 0198:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 6. apríl 2010 um að leysa Lettland undan tilteknum skuldbindingum um að beita tilskipunum ráðsins 66/402/EBE og 2002/57/EB að því er varðar *Avena strigosa* Schreb., *Brassica nigra* (L.) Koch og *Helianthus annuus* L. (Stjtið. ESB L 87, 7.4.2010, bls. 34).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2010/198/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 181, 15.7.2010, bls. 11, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 37, 15.7.2010, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 87, 7.4.2010, bls. 34.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. október 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.